

Aðalfundur FÍN 2017

Dagskrá

Kl. 15:00 Skráning í anddyri - Fundargögn afhent

Aðalfundur settur kl. 15:15

Dagskrá:

1. **Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.**
2. **Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar FÍN og sjóða með áritun endurskoðanda.**
3. **Tillögur um lagabreytingar.**
4. **Ákvörðun um félagsgjöld.**
5. **Stjórnarkjör.**
6. **Kosning skoðunarmanna reikninga.**
7. **Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.**
8. **Kosning siðanefndar.**
9. **Önnur mál.**
 - Tillaga stjórnar FÍN um að hætta orlofshúsarekstri
 - Ályktanir aðalfundar

Boðið er upp á léttar veitingar að aðalfundinum loknum.



Gögn fyrir aðalfund 2017

Skýrsla stjórnar starfsárið 2016-2017

Á aðalfundi FÍN urðu formannskipti í félaginu, en Páll Halldórsson, formaður FÍN lét þá af störfum og Marianna H. Helgadóttir, þáverandi framkvæmdastjóri FÍN tók við af honum.

Skípun í stjórn og nefndir

Stjórn FÍN kom fyrst saman eftir aðalfund þann 29. apríl 2016 og skipti með sér verkum. **Stjórn félagsins er skipuð eftirfarandi félagsmönnum: Formaður:** Marianna H. Helgadóttir, Félagi íslenskra náttúrufræðinga. **Varaformaður:** Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítali - Blóðbanki. **Ritari:** Raket Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis. **Gjaldkeri og fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn:** Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg - Umhverfissvið. **Meðstjórnandi í framkvæmdastjórn:** Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs. **Meðstjórnendur:** Guðmundur Jóhannesson, Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins, Guðrún Nína Petersen, Veðurstofu Íslands - Veðurfræðingur, Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða, Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg - Umhverfissvið, Louise le Roux, Íslensk erfðagreining, Ólafur Eggertsson, Skógræktin, Sigríður Klara Böðvarsdóttir, Háskóla Íslands, Sigurlaug Skírnisdóttir, Matís, Stefánía P Bjarnarson, Landspítali - Ónæmisfræðideild, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg - Umhverfissvið, Sverrir Daníel Halldórsson, Hafrannsóknastofnun, Sævar Ingbórsson, Háskóla Íslands, Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Þóroddur F. Þóroddsson, var hjá Skipulagsstofnun, en er hættur störfum vegna aldurs. **Eftirfarandi aðilar sitja í framkvæmdastjórn FÍN:** Formaður: Marianna H. Helgadóttir, Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Varaformaður: Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítali - Blóðbanki. Gjaldkeri: Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg - Umhverfissvið. Ritari: Raket Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis. Meðstjórnandi: Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Reglulegir fundir stjórnar eru venjulega fyrsta mánudag í mánuði og síðan er kallað til aukafunda þegar ástæða er til, en venjulega eru engir stjórnarfundir í júlí. Framkvæmdastjórnarfundir eru a.m.k. einu sinni í mánuði og haldnir á föstudegi fyrir reglulegan stjórnarfund. Þess má geta að nokkrir stjórnarmenn eru utan af landi en þeir geta komið til Reykjavíkur á fundi eða verið í símasambandi eða innskráð sig á fundinn í gegnum netið og tekið þátt í stjórnarfundum.

Skípun í stjórn Vísindasjóðs FÍN. Á fyrsta stjórnarfundum FÍN eftir aðalfund skipaði fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs FÍN og þeir fulltrúar eru valdir úr stjórn FÍN og forsenda þess er að þeir séu greiddendur í sjóðinn. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í stjórn Vísindasjóðs FÍN: Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg, Louise le Roux, Íslensk erfðagreining, Stella H. Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg og Hafdís Sturlaugsdóttir Náttúrustofu Vestfjarða.

Formannaráð BHM. Varaformaður FÍN situr í Formannaráði BHM (þar sem formaður FÍN er í stjórn BHM).

Nýir félagsmenn og innganga SHMN í FÍN

Virkir félagsmenn í janúar 2017 eru 1714, en 142 nýir félagsmenn sem sóttu um aðild að félaginu á starfsárinu, þar af voru tveir félagsmenn sem samþykktir voru inn í félagið í samræmi við undanþáguheimild frá 3.gr. Félagsmenn Stéttarfélags háskólamenntaðra í matvæla og næringarfræðingum (SHMN) gengu inn sem heill hópur í félagið um áramótin 2016/2017 eða alls 132 félagar, en ekki eru allir virkir.


Félagið átti einnig fund með Lyfjafræðingafélagi Íslands til að athuga hvort félagið hefði áhuga á að eiga samvinnu við félagið eða hvort þau vildu skoða þann möguleika að ganga inn í FÍN. Lyfjafræðingar eru að meta það hvort þau muni ganga inn sem félag í BHM. Félagsmenn FÍN á almennum markaði eru orðnir stærsti hópurinn hjá félaginu eða 43,8%, félagsmanna sem starfa hjá ríkinu eru 41.3%, hjá sveitarfélögum 2%, Reykjavíkurborg 3,1% og 8,2% er óskilgreint. Á þessu hefur orðið töluverð breyting þar sem félagsmenn okkar á almennum vinnumarkaði 2008 voru aðeins 29% af félagsmönnum okkar og 50% var hjá ríkinu. Sjá myndir á síðu 3 og 4.

Fundir


Stjórn FÍN hélt 12 stjórnarfundum á starfsárinu, framkvæmdastjórn FÍN hélt 11 fundum á árinu, Vísindasjóður FÍN hélt 3 fundum, Kjaradeilusjóður FÍN hélt 2 fundum á árinu og Siðanefnd hélt 10 fundum á árinu.

Gögn fyrir aðalfund 2017


Fjöldi félagsmanna FÍN



Kynjahlutföll FÍN-ara í desember 2016




Kynjahlutföll




Gögn fyrir aðalfund 2017

Hlutfall FÍN-ara eftir vinnumarkaði 2016



Hlutfall FÍN-ara eftir vinnumarkaði 2008



Gögn fyrir aðalfund 2017

Skrifstofa

Á skrifstofu FÍN starfa formaður, framkvæmdastjóri og skjala- og upplýsingafulltrúi í fullu starfi. Formaður félagsins er Marianna H. Helgadóttir. Marianna H. Helgadóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri 1. ágúst 2016 þegar Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir tók við sem af henni. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar var ákveðið að ganga frá samkomulag við Capacent um aðstoð við að auglýsa eftir framkvæmdastjóra, taka viðtöl og ljúka ráðningarferlinu. Alls bárust 27 umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra FÍN. **Skjala- og upplýsingafulltrúi:** Margrét Rafnsdóttir. **Sumarstarfsmaður:** Andrea Rós Kristjánsdóttir. Framkvæmdastjórn réð Andreu sem sumarstarfsmann til að flokka gögn sem hlaðist höfðu upp í geymslum félagsins og skannað þau inn.

Starfsdagar trúnaðarmanna

Starfsdagar trúnaðarmanna eru haldnir tvisvar á ári. Síðasti starfsdagur var haldin í október sl. og stefnt er að halda starfsdag trúnaðarmanna í lok apríl eftir aðalfund FÍN. Á þeim fundi fyrirbyggur að kjósa þarf fulltrúa trúnaðarmanna í stjórn.

Erlend samskipti

Formenn og framkvæmdastjórar náttúrufræðinga á Norðurlöndum (Nordiska Lantbruksakademikerráðid - NLR) hittast árlega til að ræða þau mál sem eru efst á baugi í hverju félagi í hverju landi. Á síðasta ári fór formaður FÍN til Finnlands, daganna 13. – 15. júní. Í ár munu formenn og framkvæmdastjórar félaganna hittast í Danmörku.

Stefnumótun FJN til 2017 – stefnumótunarþing FJN 2017

Á árinu 2007 setti félagið setti niður stefnumótun til ársins 2017. Stjórn FÍN hefur ákveðið að halda stefnumótunarþing FÍN haustið/veturinn 2017 og móta sér í kjölfarið stefnu til nokkurra ára sem kynnt verður á næsta aðalfundi FÍN árið 2018.

Þess má geta að stefnumótunarþing BHM var haldið 9. mars sl. og er að vænta niðurstaðna úr þeirri stefnumótun á aðalfundi BHM sem haldinn verður 18. maí nk.

Rekstraráætlun

Á almanaksárinu 2016 voru tekjur félagsins um 87,8 m.kr. og gjöld um 108,1 m.kr. og að teknu tilliti til fjármagnstekna var tap á rekstrinum um 16,7 m.kr. á sl. ári. Á miðju ári 2016 voru félagsgjöld samræmd þannig að 0,7% er dregið af heildarlaunum félagsmanna þó ekki hærra en 7.000 kr. Þess má geta að þessi breyting olli bókhaldskerfi ríkisins höfuðverkjum þar sem tölvukerfið getur ekki tekist á við þak á félagsgjöldum og Fjársýsla ríkisins er að vinna að lausn þessa máls. Félagið hélt einnig veglega upp á afmæli félagsins en það varð 60 ára árið 2015 sem kostnaði um 5 milljónir króna.

Þegar SHMN var lagt niður þá ánaðnaði SHMN sínum kjaradeilusjóði til Kjaradeilusjóð FÍN.

Orlofshús félagsins

Sumarhús félagsins við Fullsæl, í landi Syðri-Reykja, í Bláskógarbyggð var byggt af félaginu. Fyrirséð að endurnýja þurfi innanstokksmuni í húsinu og einnig að hefja viðhald á húsinu utanhúss.

Félagið hefur einnig leigt af Skógræktinni húsið Skógarkot, í Norðtunguskógi. Félagið er með leigusamning á Skógarkoti til loka ágúst nk.

Stjórn félagsins ákvað að gera könnun meðal félagsmanna um það hvort félagsmenn myndu vilja halda áfram orlofshúsarekstri og mun kynna niðurstöðurnar á komandi aðalfundi félagsins og jafnframt verður afstaða tekin til þess hvort haldið verður áfram slíkum orlofshúsarekstri.

Félagið hefur einnig leigt af Skógræktinni húsið Skógarkot, í Norðtunguskógi. Félagið er með leigusamning á Skógarkoti til loka ágúst nk. Stjórn félagsins ákvað að gera könnun meðal félagsmanna um það hvort félagsmenn myndu vilja halda áfram orlofshúsarekstri og mun kynna niðurstöðurnar á komandi aðalfundi félagsins og jafnframt verður afstaða tekin til þess hvort haldið verður áfram slíkum orlofshúsarekstri.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Póknanir og ferðakostnaður

Greidd er þóknun fyrir stjórnarsetu í samræmi við reglur Bandalags háskólamanna (BHM) um greiðslu þóknunareininga, en hver þóknunareining er kr. 4.912. Greiddar eru 2 einingar fyrir hvern fund og aukaeining fyrir ritara á stjórnarfundum. Greiddar eru 2 einingar fyrir fund vegna framkvæmdastjórnarfunda, funda í stjórn Vísindasjóðs og fyrir fundi í stjórn Siðanefndar.

Verklagsreglur

Félagið endurskoðaði reglur félagsins um verklagsreglu um greiðslu lögfræðikostnaðar, um endurgreiðslu félagsgjalds og eru þessar reglur aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Miðlægir kjarasamningar og Kröfugerð FÍN

Félagið setti síðast saman kröfugerð sína fyrir samningalotuna sem stóð yfir árið 2015 og mun á næstu mánuðum setja saman kröfugerð sína vegna komandi viðræðna um nýjan kjarasamning fyrir ríkisstarfsmenn.

Starfsmenn ríkisins fóru í verkfall 2015 sem leiddu til Gerðardóms í ágúst 2015 í kjölfar lagasetningu á verkfall þeirra sem hafði staðið í um 10 vikur. Gerðardómurinn rennur út í ágúst 2017. Í Gerðardómi kom fram að innleiða ætti mat á menntun inn í stofnanasamninga. Félagið sendi öllum stofnunum bréf í júlí 2016 og óskaði eftir fundi með stofnunum til að innleiða Gerðardóminn. Fundað hefur verið a.m.k. einu sinni með þó nokkuð mörgum stofnunum en mjög fáar stofnanir hafa gengið frá innleiðingu

Gerðardóms inn í stofnanasamninga. Þær stofnanir sem gengu frá samkomulagi við félagið á starfsárinu voru Háskóli Íslands og Vinnueftirlit ríkisins, einnig var gengið frá samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands og þar var einnig í fyrsta skiptið notað ákvæðið um að nota megi launatöflu annarra aðildarfélaga BHM (BHM launataflan) þar sem fjöldi félagsmanna FÍN væru 5 eða færri. Félagið sendi bréf á allar stofnanir ríkisins í desember og í kjölfarið gekk félagið frá samkomulagi við ríkið í janúar 2017 afturvirktil til 1. júní 2016 til að leiðrétta galla í Gerðardómi. Gallinn fól í sér að það var sama mat var á menntun, þ.e. fjölda launaflokka fyrir ákveðna menntun sem krafist var í starfi hvort sem um var að ræða launatöflu FÍN eða annarra aðildarfélaga BHM þó svo að launaflokkur FÍN væri eingöngu 3% en 5% hjá aðildarfélögum BHM. Þess má einnig geta að BHM tók þátt í vinnu með Kjara- og mannauðssýslu ríkisins um fræðsluáttak um gerð stofnanasamninga og á vegum ríkisins var sett á fót vefsíðan www.stofnanasamningar.is. Fræðsluáttakið nær til allra þeirra sem koma að gerð stofnanasamninga, gert er ráð fyrir að stjórnendur og félagsmenn í aðildarfélögum stéttarféлага sitji saman þessi námskeið.

Kjarasamningur við **Samband íslenskra sveitarfélaga** var undirritaður 1. september 2015 og gildir til 31. mars 2019. Samið var um inngöngu í starfsmat 1. júní 2018 og innleiðing þess er nú þegar hafin. *Í mars mánuði 2017 hófust viðtöl við stjórnendur sem eru félagsmenn í FÍN og undirbúningur er hafinn við val á fulltrúum í viðtöl vegna starfa sem ekki flokkast sem yfirmannsstörf.*

Kjarasamningur við **Reykjavíkurborg** var undirritaður þann 1. september 2015 og gildir til 31. mars 2019. Á samningstímanum á að skoða hvort innleiða eigi starfsmat. Félagið átti fund þar sem þessu var komið í feril og á haustmánuðum verður farið í mat á völdum störfum hjá Reykjavíkurborg. Félagsmenn FÍN hjá Reykjavíkurborg munu síðan í kjölfarið taka afstöðu til þess hvort fara eigi inn í starfsmat.

Launahækkunir samkvæmt kjarasamningum á starfsárinu og út gildistíma viðkomandi kjarasamnings var/er eftirfarandi:

Ríki: Ný launatafla 1. júní 2016, 5,5% og 1,65% til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. úrskurðar gerðardóms, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum. Eingreiðsla 1. júní 2017, kr. 63.000

Reykjavíkurborg: Hækkun á launatöflu 1. júní 2016, 6%. 1. júní 2017 3% og 1. júní 2018 3%. Eingreiðsla 58.000 kr. 1. febrúar 2019.

Sveitarfélög: Ný launatafla 1. júní 2016, 6% og ný launaröðun. Ný launatafla 1. júní 2017 og ný launatafla í júní 2018 og þá tekur starfsmat gildi. Eingreiðsla árið 1. maí 2019 kr. 58.000,

Félagið vinnur nú að drögum að kröfugerð sem kynnt verður á starfsdegi trúnaðarmanna og síðan munu taka við vinnustaðfundir í maí og endanleg kröfugerð FÍN mun liggja fyrir í júní nk.

Almennir marhæðirinn

Formaður FÍN situr í samninganefnd fyrir hönd aðildarfélaga BHM sem eiga aðild að kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins (SA). Hallur Páll Jónsson (KVH) og Guðrún Á. Sigurðardóttir (FFSS) eru hinir tveir fulltrúarnir í samninganefndinni.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Aðildarfélög BHM settu saman kröfugerð árið 2015 sem höfð er til hliðsjónar. Það er margt sem þarfnast lagfæringar í þeim samningi. Í desember sl. var gengið frá samkomulagi við SA um mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Viðræður hófust við SA í haust og þær standa enn yfir.

Dómsmál

Félagið fór með eitt mál fyrir Félagsdóm vegna röðunar heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs. Skemmst er frá því að segja að félagið tapaði því máli. Félagið reyndi í kjölfarið að ná samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga en án árangurs. Í febrúar sl. fjallaði stjórn FÍN um auglýsingu ríkisins um störf sem eru undanþegin verkföllum og var ákveðið að heimila félaginu að stefna ríkinu vegna nokkurra starfa fyrir Félagsdómi. Félagið hefur sent ríkinu andmælalibréf vegna birtingu verkfallslista þar sem boðuð er mál-sókn á hendur ríkinu vegna nokkurra starfa sem auglýst eru undanþegin verkfallsheimild. Um er að ræða störf hjá Fiskistofu, Landspítala, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofu Íslands.

Siðanefnd

Eitt erindi barst Siðanefnd FÍN á árinu sem var afgreitt.

Af vettvangi Bandalag háskólamanna

Formaður BHM kom á stjórnarfund FÍN vorið 2016. Þar kynnti formaður BHM það helsta sem væri framundan hjá BHM, í máli hennar kom fram að eftirfarandi mál bæru hæst, s.s. lífeyrismál opinberra starfsmanna, SALEK samkomulagið (rammasamkomulagið), komandi kjarasamningsviðræður og að hefja þyrfti að nýju viðræðu við Samtök atvinnulífsins.

Framkvæmdastjóri BHM, Stefán Aðalsteinsson, lét af störfum í janúar 2017 eftir 11 ára starf. Stjórn BHM hefur ráðið Ernu Guðmundsdóttur, hdl., í stöðu framkvæmdastjóra. Erna starfaði áður sem lögmaður BHM.

Félagið tilnefndi formann FÍN til setu í stjórn BHM og í þjónustu- og aðbúnaðarnefnd BHM. Þjónustu og aðbúnaðarnefnd sendi út könnun um hvernig aðildarfélögum BHM líkaði þjónustan frá BHM. Félagið sendi inn sínar athugasemdir og tillögur að úrbótum.

Aðalfundur BHM verður haldinn 18. maí nk. og þar verða hefðbundin.

Starfandi er 7 manna uppstillingarnefnd BHM, en FÍN tilnefndi Ínu Björgu Hjálmarsdóttur, varaformann FÍN, í uppstillingarnefnd BHM fyrir komandi stjórnarkjör á aðalfundi BHM.

Lagabreytingarnefnd BHM var skipuð af stjórn BHM sem hefur það hlutverk að endurskoða lög BHM og mun skila inn tillögum að laga-breytingum á komandi aðalfundi, en FÍN tilnefndi Sigrúnu Ösp Sigurjónsdóttur í þá nefnd.

Stefnumótunarþing BHM var haldið 9. mars 2017 og mun afurð þess vera afgreidd á aðalfundi BHM.

Veikindaréttur Opinberra starfsmanna

Samráðsnefnd um veikindarétt opinberra starfsmanna hefur unnið að endurskoðun á 12. kafla um veikindarétt opinberra starfsmanna.

Skemmst er frá því að segja að svo virðist sem fulltrúar ríkis og sveitarfélaga vilji hætta endurskoðuninni. Stjórn FÍN taldi rétt að setja þessa vinnu á ís en ályktaði mikilvægi þess að endurskoðun verði á 12. kafla um veikindarétt opinberra starfsmanna og tengja hann betur starfsemi VIRK endurhæfingu. Stjórn FÍN lagði áherslu á að leitað yrði allra leiða til að þroska lausnir sem hægt verði að taka inn í kjarasamning. Stjórn FÍN telur þann vettvang sem verið er að ræða þær breytingar á muni ekki skila niðurstöðu fyrr en eftir frekari stefnumótun bandalaganna, BHM þarf að móta sér stefnu um veikindarétt, skoða á stefnumótunarþingi.

Lífeyrismál

Flestum opinberum starfsmönnum er ljóst að 1. júní nk. munu réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins – A -deild (LSR, A-deild) og Brú breytast. Það er gert í samræmi við samkomulag Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingin felst í því að gerð verður kerfisbreyting á ávinnslu réttinda úr sjóðnum. Horfið verður frá jafni ávinnslu og tekin upp aldurstengd ávinnsla. Einnig verður lífeyristökualdur hækkaður úr 65 árum og upp í 67 ára aldur. Bakábyrgðin er felld niður.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Bandalag háskólamanna (BHM) undirritaði samkomulag í september 2016 um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna í kjölfar samþykktar Formannaráðs BHM. Félagið taldi að mikil óvissa væri til staðar með réttindi félagsmanna okkar og stjórn FÍN taldi að ef þessi leið yrði farin myndi það skerða kjör framtíðarfélagsmanna og jafnframt taldi stjórn FÍN að plaggið væri ekki nægjanlega vel unnið. Á þessum forsendum hafnaði félagið því að undirrita umrætt samkomulag. Félagið hafnaði á Formannaráðsfundi BHM að undirrita umrætt samkomulag í september 2016 og lagði einnig til á Formannaráðsfundi BHM í desember 2016 að aðildarfélög BHM myndu segja sig frá þessu samkomulagi. Formannaráð BHM samþykkti engu að síður að undirrita umrætt samkomulag.

Þessa daganna er stjórn LSR og Brú að ljúka vinnu sinni vegna breytinga á samþykktum sjóðanna og heimfæra þær til samræmis við breytingar sem gerðar voru með ofangreindri lagasetningu. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir munu kynna þessar breytingar vel fyrir sjóðfélögum sínum þegar lögin taka gildi og samþykktirnar liggja ljósar fyrir.

Að öðru leiti er vísað til umsagnar félagsins til Alþingis vegna þessa máls og fréttu á vefsíðu félagsins.

Stjórn BHM ætlar að skoða hvort flötur er á málsókn við ríkið vegna þeirra laga sem samþykkt voru á Alþingi. Hvort FÍN eða BHM geti farið í dómsmál vegna þessa máls verður tíminn að leiða í ljós.

Ljóst er að krafa félagsins í næstu kjarasamningum verður að vinna að aðgerðaráætlun í samræmi við 7.gr. samkomulagsins að jafna launa- kjör milli markaða.

Í aðdraganda aðalfundar FÍN

Stjórn FÍN hefur rýnt lög félagsins og gerir tillögur um breytingar á lögum þess á aðalfundi FÍN. Jafnframt mun stjórn FÍN leggja til á aðalfundi félagsins óbreytt félagsgjöld. Einnig hefur stjórn FÍN ákveðið að leggja fram tillögu fyrir aðalfund FÍN um að félagið hætti alfarið orlofshúsarekstri og selji orlofshús félagsins.

Verkefni framundan

Mikil vinna hefur verið hjá félaginu vegna endurskoðunar stofnanasamninga og áfram verður mikil vinna við það. Stjórn FÍN og BHM eru að hefja undirbúning fyrir komandi kjarasamninga við ríkið. Vinna við kröfugerð félagsins verður því í brennidepli næstu vikurnar og vinnustaðafundir verða haldnir í vor til að ræða hana. Ljóst er að breytingin á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og 7. gr. þess samkomulags verður ofarlega í viðræðum okkar við ríkið. Félagið mun eins og lög kveða á um ganga frá viðræðuáætlun við ríkið í júní nk.

Vonandi mun einnig nást breytingar á kjarasamningi aðildarfélaga BHM við Samtök atvinnulífsins á vormánuðum.

Félagið mun einnig fylgja vel eftir innleiðingu starfsmats hjá sveitarfélögum og mun ásamt félagsmönnum hjá Reykjavíkurborg skoða það hvort æskilegt sé að skoða það að fara í starfsmat hjá borginni.

Þakkarorð

Árið er búið að vera mjög annasamt hjá félaginu og margir boltar eru á lofti. Því er mikilvægt að hafa gott fólk í kringum sig. Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki félagsins, þeim Sigrúnu Ösp Sigurjónsdóttur, framkvæmdastjóra og Margréti Rafnsdóttur, móttöku- og skjalfulltrúa fyrir góð störf í þágu félagsins og einnig öllum okkar félagsmönnum sem komið hafa að trúnaðarstörfum fyrir félagið fyrir samstarfið á starfsárinu. Án þessa hóps værum við ekki það sem við erum.

Marianna H. Helgadóttir, formaður FÍN

Gögn fyrir aðalfund 2017

Tillögur að lagabreytingum

2. gr. Hlutverk

Var:

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í launa- og réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

Verður:

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

3. gr. Aðildarskilyrði

Var:

Félagsmenn geta orðið:

- a) Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum,
- b) Aukaaðild geta öðlast námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

Verður:

Félagsmenn geta orðið:

- a) Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum,
 - b) Aukaaðild geta öðlast námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.
- Kjörgengi og kosningaréttur eru háð því að félagsmenn hafi fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Tillögur að lagabreytingum

4. gr. Umsókn

Var:

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Stjórn félagsins skipar menntanefnd sem metur erlenda skóla og prófskírteini. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Stjórn getur veitt undanþágu frá 3. grein svo framarlega sem umsækjandi er með Bachelor-próf.

Verður:

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg/rafræn og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Stjórn getur veitt undanþágu frá 3. grein svo framarlega sem umsækjandi er með Bachelor-próf.

5. gr. Aðalfundur

Var:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti.

Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Tillögur um lagabreytingar

5. gr. Aðalfundur

Verður:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega/tölvupósti með a.m.k. viku fyrirvara. Þeir sem gefa kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning síðanefndar.
9. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti.

Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

Ákvörðun félagsgjalds

Félagsgjöld til FÍN eru 0,7% af heildarlaunum, þó aldrei hærra en 7000 kr. á mánuði. Stjórn félagsins leggur til óbreytt félagsgjöld.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Tillögur um lagabreytingar

6. gr. Stjórn og framkvæmdastjórn

Var:

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður og 17 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins og níu meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftari en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Þeir sem gefa kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi, skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Stjórn félagsins kýs ritara, gjaldkera og meðstjórnanda í framkvæmdastjórn úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launakjör framkvæmdastjóra og formanns.

Verður:

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður og 17 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins og níu meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftari en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Séu framboð færri en embætti skal stjórn félagsins tilnefna fulltrúa.

Stjórn félagsins kýs ritara, gjaldkera og meðstjórnanda í framkvæmdastjórn úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launakjör framkvæmdastjóra og formanns.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Tillögur að breytingum á reglum Kjaradeilusjóðs FJN

4. grein

Var:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður og gjaldkeri FÍN eiga fast sæti í sjóðsstjórn en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn úr hópi þeirra félagsmanna sem FÍN semur fyrir. Skal einn stjórnarmaður kosinn það ár sem félagsformaður er kosinn, en tveir hitt árið. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils skal annar kosinn í hans stað á næsta aðalfundi og þá til eins árs. Varaformaður og ritari FÍN eru varamenn í sjóðsstjórn.

Verður:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður og gjaldkeri FÍN eiga fast sæti í sjóðsstjórn en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn úr hópi þeirra félagsmanna sem FÍN semur fyrir. Skal einn stjórnarmaður kosinn það ár sem félagsformaður er kosinn, en formaður stjórnar kjaradeilusjóðs og stjórnarmaður hitt árið. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils skal annar kosinn í hans stað á næsta aðalfundi og þá til eins árs. Varaformaður og ritari FÍN eru varamenn í sjóðsstjórn. Þeir sem gefa kost á sér í stjórn Kjaradeilusjóðs á aðalfundi félagsins, skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega umframboð sitt fyrir 1. febrúar.

Tillögur að breytingum á starfsreglum Siðanefndar FJN

1. grein

Var:

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga. Hún skal skipuð fimm félagsmönnum og tveimur til vara. Nefndin skal kosin til 2 ára í senn, þó þannig að í fyrsta skiptið skal kjósa tvo aðal menn og einn varamann til eins árs, en hina til tveggja ára.

Verður:

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga. Hún skal skipuð fimm félagsmönnum og tveimur til vara. Nefndin skal kosin til 2 ára í senn, þó þannig að í fyrsta skiptið skal kjósa tvo aðal menn og einn varamann til eins árs, en hina til tveggja ára. Þeir sem gefa kost á sér í Siðanefnd á aðalfundi félagsins, skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar.

Gögn fyrir aðalfund 2017

Framboð til stjórnar FJN

Í kjöri til 2 ára:

Varaformaður FJN:

Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Kosinn af trúnaðarmönnum á starfsdegi trúnaðarmanna í apríl.

Meðstjórn:

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka
Sigurlaug Skírnisdóttir, Matís
Sævar Ingbórsson, Háskóla Íslands
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Framkvæmdasýslu ríkisins
Kári Gunnarsson, Sjálfstætt starfandi
Ásdís Benediktsdóttir, Íslenskum orkurannsóknnum
Sigurlaug María Hreinsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Í kjöri til 1 árs:

Meðstjórn:

Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis

Sitja frá fyrra ári:

Formaður FJN:

Marianna H. Helgadóttir, Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Meðstjórn:

Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg
Guðrún Nína Petersen, Veðurstofu Íslands
Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg
Louise le Roux, Íslenskri erfðagreiningu
Sverrir Daníel Halldórsson, Hafrannsóknarstofnun
Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða
Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Gögn fyrir aðalfund 2017

Stjórn Kjaradeilusjóðs

Í kjöri til 2 ára:

Aðalmenn:

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka

Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmaður: Páll Halldórsson, formaður Kjaradeilusjóðs

Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs, eftirtaldir aðalmenn: formaður FÍN og gjaldkeri FÍN og varamenn: varaformaður FÍN og ritari FÍN.

Skoðunarmenn reikninga

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður: Vala Friðriksdóttir, Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum

Varamaður: Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmaður: Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka

Varamaður: Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnun

Síðanefnd

Í kjöri til 2 ára:

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi

Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Varamaður: Jóna Freysdóttir, Landspítala

Varamaður til eins árs: Kári Gunnarsson, Sjálfstætt starfandi

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg

Steinunn Jakobsdóttir, Rannsóknamiðstöð Íslands

Ægir Þór Þórsson, Rannsóknamiðstöð Íslands

Gögn fyrir aðalfund 2017 - Önnur mál

Tillaga stjórnar FÍN um orlofshúsarekstur

Á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga sem haldinn verður þann 30. mars nk. munu fundarmenn taka afstöðu til þess hvort félagið á að halda áfram rekstri orlofshúsa.

Tillaga stjórnar FÍN er eftirfarandi:

Stjórn FÍN leggur til að Félag íslenskra náttúrufræðinga hætti orlofshúsarekstri.

Greinargerð:

Upphaf reksturs orlofshúsa FÍN má rekja til ársins 1984 þegar fengin var lóð í landi Syðri Reykja í Biskups-tungum (við ána Fullsæl) og orlofshúsið sem FÍN á enn í dag var reist. Einnig hefur um árabíl verið leigt hús af Skógrækt ríkisins í Norðtunguskógi (Skógarkot). Rekstur orlofshúsa FÍN hófst þegar lítið framboð var á orlofshúsum. Orlofssjóður BHM sem hafði hafið starfsemi í Brekkuskógi nokkrum árum fyrr hafði ekki upp á eins mikið úrval að bjóða og hann gerir í dag. Rekstur orlofssjóðs OBHM hefur með árunum eflst jafnt og þétt og rekur sjóðurinn nú hús og íbúðir víða um landið og erlendis. Það er því ekki óeðlilegt að félagsmenn FÍN velti fyrir sér á hvaða forsendum félagið standi í orlofshúsarekstri þar sem félagsmenn hafa fullan aðgang að orlofshúsum OBHM og greiða kjarasamningsbundið gjald, 0,25% af heildarlaunum, í þann sjóð en ekki til FÍN.

Rekstur orlofshúsa FÍN hefur ekki staðið undir sér og ber félagið því töluverðan kostnað af húsunum. Frá árinu 2010 hefur félagið greitt tæpar 5.000.000 kr. með rekstri húsa. Þessi kostnaður hefur í gegnum tíðina verið greiddur úr félagsjóði FÍN sem fjármagnaður er með félagsgjöldum félagsmanna, ólíkt því sem tíðkast hjá öðrum stéttarfélögum en þar er 0,25% orlofsgjaldið nýtt í orlofskosti. Það er vilji FÍN að bústaðir sem boðið er uppá séu ávallt í sem bestu standi. Miðað við ástand húsa í dag þarf því að fara í töluverðar framkvæmdir sem að öllu óbreyttu verða greiddar út félagsjóði.

Skiptar skoðanir hafa verið meðal félagsmanna FÍN síðustu ár um rekstur félagsins á orlofshúsum. Reksturinn er kostnaðarsamur fyrir félagið og sá kostnaður sem félagið greiðir af rekstri orlofshúsanna gæti annars farið í aðra þjónustu við félagsmenn. Einnig má velja fyrir sér hvort sanngjarnt er að nota félagsjóð félagsmanna FÍN í viðhald á orlofshúsum.

Það er mat stjórnar FÍN að nú sé brýnt að félagið marki sér ákveðna stefnu í orlofshúsarekstri, ætlum við að halda rekstrinum áfram eða hætta? Nú stendur því yfir könnun um afstöðu félagsmanna til orlofshúsa FÍN.

Könnunin var send félagsmönnum í tölvupósti þann 17. febrúar sl. Við hvetjum þig til að svara henni eigi síðar en 24. mars nk. hafir þú ekki þegar gert svo.

Gögn fyrir aðalfund 2017 - Önnur mál

Tillögur stjórnar FJN - ályktanir fyrir aðalfund FJN

Aðalfundur FÍN 30. mars 2017 ályktar

Um bætt vinnubrögð um kjarasamningagerð og þróun vinnumarkaðslíkans

Forsenda þess að bætt vinnubrögð verði innleidd við kjarasamningagerð og að þróun vinnumarkaðslíkans í komandi framtíð verði raunverulegur möguleiki er að faglega verði unnið að undirbúningi og gerð kjarasamninga.

Vinnumarkaðslíkan er langferð og að mörgu þarf að hyggja en fyrstu skrefin eru þau að launaupplýsingar þurfa að vera samræmdar og tiltækar fyrir allan vinnumarkaðinn og þau gögn samanburðarhæf svo aðilar deili ekki um þau. Allir aðilar vinnumarkaðarins, ríki, sveitarfélög, atvinnurekendur, bandalög og einstök stéttarfélag þurfa að koma að mótun og gerð vinnumarkaðslíkansins eigi að vera sátt um slíkt líkan.

Áður en hægt er að móta slíkt líkan þarf langan aðdraganda en fyrsta skrefið er að móta aðgerðaráætlun án skuldbindinga og vinna eftir henni í sátt og samlyndi þannig að traust skapist milli aðila.

Verðmætamat á störfum í dag er ekki eins á milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera og því þarf að fjalla málefnalega um verðmætamat starfa og leiðréttu launsetningu þeirra sem standa höllum fæti samkvæmt greiningu á mati á einstökum störfum starfsstétta áður en vinnumarkaðslíkan er mótað.

FÍN gerir þá kröfu að ríkið og sveitarfélögin standi við fyrirheit sín sbr. 7. gr. samkomulagsins frá 19. september sl. sem gert var á milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.

Í kröfugerð FÍN hefur félagið lagt til að aðilar vinnumarkaðarins setji saman vegvísi til að þróa einn vinnumarkað á Íslandi. Komi til þess þarf að afnema sérlög um opinbera starfsmenn (lög nr. 70 1996 og nr. 94/1986) og í stað þeirra gildi sömu lög (nr. 80/1938) um opinbera starfsmenn og annað launafólk.

Aðalfundur FÍN hafnar því alfarið að gerast aðili að SALEK-rammasamkomulaginu eða öðrum samkomulögum sem geta litið dagsins ljós ef ofangreindar forsendur eru ekki fyrir hendi. Aðalfundur FÍN telur mikilvægt að BHM móti sér stefnu í þessum málum og beinir þessari ályktun til umfjöllunar á aðalfundi BHM.

Aðalfundur FÍN 30. mars 2017 ályktar

Um stöðu náttúrufræðinga á vinnumarkaði

Í Félagi íslenskra náttúrufræðinga eru margar fagstéttir. Atvinnuleysi háskólamanna er viðvarandi ástand sem hefur snert félagsmenn okkar eftir hrún. Áður fyrr var atvinnuleysi náttúrufræðinga nánast ekkert. Aukin tækifæri og aukið fjármagn til rannsókna gæti verið sá þáttur sem myndi hafa góð áhrif og minnka atvinnuleysi okkar félagsmanna og koma þannig einnig samfélaginu til góða.

Gögn fyrir aðalfund 2017 - Önnur mál

Mikilvægt er að sett verði á fót úrræði í gegnum Vinnumálastofnun sem beint verði sérstaklega að atvinnulausum háskólamönnum. Leita þyrfti ýmissa leiða með samstarfi við aðildarfélög BHM og atvinnurekendur til að bregðast við atvinnuleysi háskólamanna og þróa ýmis úrræði í gegnum Vinnumálastofnun.

Aðalfundur FÍN beinir því til aðalfundar BHM að BHM muni leggja til við Vinnumálastofnun að markvissar aðgerðir þurfi til að bregðist við atvinnuleysi og landflótta háskólamanna.

Aðalfundur FÍN 30. mars 2017 ályktar

Um breytingar á A-deild LSR og Brú

Félagsmenn á aðalfundi FÍN harma þær breytingar sem gerðar voru á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og krefjast þess að ríkið og sveitarfélög tryggi að fullu það samkomulag sem undirritað var milli ríkisins, sveitarfélaganna, BSRB, KÍ og BHM. Þess er krafist að ríkið og sveitarfélög hafi frumkvæði að því að leiðrétta launamun á milli markaða og að fyrstu skrefin verði tekin í komandi kjarasamningum.

Aðalfundur FÍN 30. mars 2017 - Önnur mál

Um sögu félagsins og www.natturufraedingatal.is

Félag íslenskra náttúrufræðinga var stofnað 1956. Unnið hefur verið að því að koma öllum gögnum sem til eru hjá félaginu á rafrænt form og hefur það nánast tekst. Gögnin eru því orðin vel aðgengileg og flokkuð.

Félagið hefur fengið Pétur Hrafn Árnason, sagnfræðing, til að skrifa sögu félagsins og hefur hann nú fengið það hlutverk að taka fyrir 10 ár í senn. Stefnt er að því að fyrstu 10 ár félagsins og jafnvel fleiri ár verði kynnt á aðalfundi félagsins 2018 og eftir því sem fram vindur á aðalfundum þar á eftir. Stefnt er að því að þessari vinnu verði lokið 2021 þegar félagið verður 65 ára. Þá verði saga félagsins birt í heild sinni á vefnum www.natturufraedingatal.is en félagið hefur fest sér þetta lén.

Samhliða þessari vinnu verður unnið að gerð félagatals sem verður opnað formlega á 65 ára afmæli félagsins á vefsvæðinu www.natturufraedingatal.is. Hver og einn félagsmaður hefur þar aðgang að lokuðu svæði þar sem hann getur nálgast ýmsar persónubundnar upplýsingar. Stefnt verður að því að reyna að ná samstarfi við öll fagfélög félagsmanna FÍN og um aðild þeirra að náttúrufræðingatalinu með sitt félagatal.

Til stóð fyrir mörgum árum að gefa ítarlegt náttúrufræðingatal félagsins út í bók og gefa út ýmsar greinar. Safnað var óhemju magni af gögnum og myndum. Félaginu er engu að síður óheimilt að nota þessi gögn nema til að gefa það út í formi bókar. Félagið mun því hafa samband við þá aðila sem veittu félaginu upplýsingar í þessum tilgangi og óska eftir því að fá heimild til að birta og nýta þessi gögn á vefsvæðinu www.natturufraedingatal.is og verður það gert skriflega. Einnig verður leitað til félagsmanna um frekari gögn við þessa vinnu.

Félagsmenn FÍN eru hvattir til að miðla gögnum, vísum, sögum, myndum og öðrum upplýsingum til félagsins sem þeir hafa í fórum sínum og telja að félagið hafi ekki nú þegar undir höndum, en eigi erindi í sögubækur félagsins.